

Um framburð!

„Framburður er það hvernig orð eru sögð (borin fram) í töluðu máli, venjulega með vísun til hljóðfræðinnar og hljóðkerfis hvers tungumáls“ (Wikipedia)

Fyrstu mánuðir og ár í lífi hvers barns eru mikilvægastir fyrir máltöku og málþróun barnsins. Þetta á einnig við um hljóðfræði málsins sem þau alast upp við. Þau læra smátt og smátt þau hljóð sem þau heyra í umhverfi sínu, þegar talað er beint til þeirra og einnig þegar talað er í kringum þau.

Í byrjun er hljóðmyndunin ósjálfráð, þau gefa frá sér hljóð sem lýsa ánægju og óánægju. Eftir því sem vikurnar líða eykst leikur að hljóðum og þau fara að babbla. Hljóðin verða fjölbreyttari og þau fara að herma eftir máhljóðum. Hljóðarunur eins og mamama og bababa fá merkingu. Þegar barnið nálgast tveggja ára aldurinn notar það mest n,m,b,d, h með sérhljóðum og orð fara að myndast. Þau eru þó oft óskýr á þessum aldri. Um 3ja ára aldur geta þau myndað flest máhljóð en nota þau ekki endilega í öllum orðum.

Samhljóðasambönd eru oft einfölduð gó-skór og oft vantar r-, s-, og þ- hljóðin. Yfirleitt er þó ekki erfitt að skilja barnið fyrir þá sem umgangast það. Þegar þau nálgast 4ra ára aldurinn skilja ókunnugir þau í flestum tilfellum. Þau eru þá komin með flest máhljóðin. Á aldrinum 4-5 ára er framburðurinn yfirleitt orðinn mjög skýr. Það getur þó verið erfitt að bera fram flókin orð eins og útvarp og kartafla og stundum vantar enn r- og s- hljóð og öng-g eins og í auga.

Ef framburðarþróun barnsins er ólík því sem hér er talað um er mikilvægt að láta skoða hvað veldur. Oft er nauðsynlegt að athuga heyrn barna því heyrnarskerðing hefur mikil áhrif á möguleika þeirra til að greina rétt hljóð.

Framburðarfrávik:

Ýmis framburðar frávik geta verið til staðar hjá barni sem er að læra málið. Ef framburðurinn skilst ekki og hefur áhrif á möguleika barnsins til tjáskipta er rétt að huga að mati og þjálfun sérfræðinga. Algengustu framburðarfrávik hjá íslenskum börnum eru :

- erfiðleikar með r-hljóðið. Barnið nær ekki að mynda rétt sveifluhljóð og notar oft j, l, eða ð hljóð í staðinn (júm, lúm, ðúm=rúm)

- s- hljóð er einnig oft erfitt. Barnið notar gjarnan þ- hljóð í staðinn.þ.e.setur tunguna út á milli efri og neðri tanna þegar hljóðið er myndað (þiggi=Siggi)
- þ- hljóð getur einnig verið erfitt. Barnið sleppir því oft eða notar h- hljóð í staðinn (hessi-þessi). Þetta eru algengustu framburðarfrávik sem koma fyrir hjá börnum.

Einnig má nefna:

- erfiðleika með k/g hljóðin. t/d hljóð er þá gjarnan notað í staðinn (tubbar –kubbar)
- Öng-g kemur oft seint og við heyrum j- í þess stað (auja-auga)

Seinkuð hljóðkerfisþróun er þegar börnin fylgja sömu þróun og almennt gerist en eru seinni til að ná tökum á ákveðnum hljóðum og hljóðasamböndum.

Sum börn eiga í meiri og alvarlegri framburðarerfiðleikum en hér er lýst. Hljóðþróun er þá ólík því sem gerist almennt og börnin eru oft mjög óskýr og erfitt að geta sér til um hvað þau eru að segja. Þá er talað um hljóðkerfisfrávik. Börnin geta stundum sagt hljóðið eitt og sér og í ákveðnu samhengi en yfirfæra það ekki og nota ekki alls staðar. Einnig víxla þau hljóðum í orðum og segja jafnvel sama orðið á mismunandi hátt.

Framburðarleiðréttin/þjálfun.

Alltaf er mikilvægt að endurtaka rétt það sem barnið segir rangt. Bæði stuðlar það að möguleikum barnsins til að læra rétt hljóð og leiðrétt sig og einnig og ekki síður fær barnið staðfestingu á að það hefur komið hugsunum sínum rétt til skila. Einnig er mikilvægt að barnið hafi málfarslega skýrar fyrirmyndir sem auðveldar því að læra og hafa eftir.

Börn gera sér ekki alltaf grein fyrir hvernig þau segja orðin og því síður að þau segi orðin rangt. Þess vegna verður að fara varlega í að benda þeim á frávikin og ekki endilega að láta þau endurtaka. Taka verður tillit til hve mikið erfiðleikarnir há barninu og hvort þeir hafa áhrif á samskipti þess við önnur börn og fullorðna. Ef börnin eru meðvituð um vandann eru meiri líkur á að samstarf náist um að vinna að leiðréttin. Undirstaðan er að hlusta eftir hljóðum orða og greina þau. Þá er farið í myndunarstaðinn og hljóðið æft eitt

og sér, og síðar gjarnan með sérhljóðum. Þegar því er náð má yfirfæra hljóðið sem unnið er með í orð og setningar og festa það þannig í tali barnsins.

Framburðarfrávik og erfiðleikar í hljóðkerfisþróun geta haft áhrif á lestrarnám síðar meir. Hljóðkerfisvitund sem undirstaða lestrarnáms er löngu viðurkennd og margar rannsóknir hafa staðfest þau tengsl. Þess vegna er mikilvægt að grípa inn í þegar slíkir erfiðleikar eru sannanlega til staðar hjá barni.

Heimildir:

Þóra Másdóttir. 2004. Flokkun framburðar og hljóðkerfisfrávika.

Talfræðingurinn 18. 2004.

Margaret Snowling & Joy Stackhouse. 1996. Dyslexia, Speech and Language. Whurr Publishers Ltd, London

Halldóra Baldursdóttir

Talmeinafræðingur